

*Allt var tilbúið og ferðin farin. Og þráin til að sjá meira, vita meira og reyna meira var vakin.*

*Óblíð og hrjóstrug en kyrrlát náttúran hafði líka sína töfra.*

*Samvera með skemmtilegum og röskum jafnöldrum og svo tjaldbúðastörfin,*

*tilfinningin fyrir því að vera falið ábyrgðarstarf, vera metinn að verðleikum,*

*allt þetta hafði seiðmagn.*

*Jón Tómasson*

Þetta var sumarið var 1937 – þá tóku sig saman nokkrir ungir drengir í Keflavík og leituðu leiða til að finna athafnasemi sinni og eirðarleysi útrás. Þá langaði að kynnast náttúrunni í nágrenninu, fara í svaðilfarir en þannig flokkuðu þeir allar ferðir utan Hólmsbergs, Nónvörðu og Ásatúns. Þeir fundu sér fararstjóra sem var Helgi S. Jónsson sem var nýfluttur í bæinn frá Reykjavík og var reyndur fjallamaður og skáti.

Þetta sumar voru farnar nokkrar ævintýraferðir í nágrenni Keflavíkur. Þráin eftir að gera meira var kviknuð og þann 15. september 1937 stofnuðu þeir skátafélagið Heiðabúa og eru því liðin 80 ár frá stofnun þess. Stofnendurnir voru: Marteinn Árnason, (f. 1922) Gunnar Þ. Þorsteinsson (f. 1920) Helgi S. Jónsson (f. 1910) félagsforingi þess í um 35 ár, Arnbjörn Ólafsson (f. 1922), Ólafur Guðmundsson (f. 1925), Óskar Ingibersson (f. 1923), Alexander Magnússon (f. 1923) og Helgi Jónsson. (1923).

Helgi S. kynntist skátastarfinu í Reykjavík og lagði mikla áherslu á að þessi vísir að skátafélagi yrði skilgreindur frá upphafi sem skátafélag sem fylgdi öllum venjum og hefðum hinnar alþjóðlegu skátahreyfingar. Fljótlega var sótt um inngöngu í Bandalag íslenskra skáta sem stofnað var 1927.

Félaginu óx fljótt fiskur um hrygg. Frumherjarnir urðu að foringjum sem leiddu áhugasama nýliða inn í skátaheiminn og þannig myndaðist snemma sterkur og góður kjarni. Verkefnin voru ærin og eitt þeirra var að finna félaginu samastað. Upphaflega fékk það inni hjá Ungmennafélaginu í Ungó (Hafnargata 6) sem var mjög mikilvægur stuðningur við félagið. En skátafélag þarf sitt eigið rými enda fylgja starfseminni ýmislegt bæði til notkunar og minningar um fjölmörg ævintýri. Félagsmenn fóru á stúfanna og fengu inni í kofa sem hafði verið notaður sem hæsnakofi og var staðsettur þar sem nú er Nýja bíó en þar var ansi þröngt. Næsta húsnæði var í kjallara á Túngötu 17 kallaðist það hús Skemman. Þar dvaldi félagið þar til vöxtur þess sprengdi húsnæðið og þá ákváðu félagsmenn að byggja sjálfir eitt stykki hús. Enda voru hæfileikamenn í þeirra röðum. Gunnar Þorsteinsson teiknaði húsið og stýrði framkvæmdum. Nýja húsið var staðsett á svæði kartöflugarða verkalýðsfélagsins (VFSK) á horni Vatnsnesvegur og Hringbrautar. Bygging þess hófst árið 1944 og húsið var vígt á 10 ára afmælisári félagsins árið 1947 og allt unnið í sjálfboðavinnu. Rétt um 30 árum seinna, 1973, hófust framkvæmdir við viðbyggingu við húsið og lauk henni árið 1976.

Gunnar átti eftir að koma meira við sögu þegar hann varð foringi, 3. sveitar, eða Liljunnar sem var fyrir stúlkur og var stofnuð 3. júní 1943. Það merkilega við stofun 3. sveitar var að þetta var í fyrsta skiptið í heiminum sem stúlkur og drengir voru saman í skátafélagi. Hefðbundið var að stofna sitthvort félagið fyrir kynin. Hér brutu Heiðabúar blað í sögu skátahreyfingarinnar.

Móttó skátastarfsins er „eitt sinn skáti, ávallt skáti“. En þeir sem eldri voru hættu smátt og smátt þátttöku og við tóku önnur lífsins verkefni. Börn þeirra uxu úr grasi og sum hver urðu jafnvel skátar. En það var ekki nóg fyrir alla og gamlir skátar gripu fengins hendi þeirri hugmynd að stofna sérstaka sveit skáta sem tæki þátt í skátastarfinu með ákveðnum hætti, aðallega litu þeir á sig sem stuðningsaðila við félagið en fengu að launum að geta mætt aftur á skátafundi með gömlum félögum.

Þessi hluti skátastarfsins varð til í Danmörku og kallast St. Georgs gildið. En heilagur Georg er verndardýrlingur skátahreyfingarinnar.

En út á hvað gengur skátastarfið?

Oft er nú gott að skoða upphafstefið en það var slegið af manni að nafni Robert Baden-Powell. Hann fæddist á Englandi 1857 í barnmargri fjölskyldu. Börnin nutu þess að kanna umhverfi heimilisins og lentu í mörgum svaðilförum í ferðum sínum. Baden-Powell fór í herskóla og tók síðar þátt við góðan orðstýr í svokölluðu Búastríði í Suður-Afríku. Heim kominn vaknaði áhugi hans á æskulýðsmálum og vildi hann leggja sitt af mörkum. Hann bauð 20 drengjum að koma með sér í útilegu á lítilli eyju í Thames-ánni og markar sú ferð upphafið skátahreyfingunni. Augljóslega má sjá tengingu við herinn með búningum hreyfingarinnar og skipulagi. En inntak hennar fól í sér að gera börnin sjálfbjarga og opna þeim þannig risastóran og spennandi heim með sérstakri áherslu á náttúruna. Þetta er meginstef skátastarfsins. En fleira er inn í myndinni. Skáti er hjálpsamur, kurteis og vinnusamur. Þessar grunnhugsjónir eru einmitt fangaðar með góðum hætti af Jóni Tómassyni hér að ofan.

„Að vekja þrána...“ virkar ósköp hversdagslegt en er ótrúlega mikilvægt ekki síst meðal ungmenna og stækkar þannig sjóndeildarhring þeirra. Áherslan á að kenna skátum að vera sem mest sjálfbjarga eykur sjálfstraustið sem getur skipt sköpun fyrir marga. En það er meira í þessari mynd eins og Jón kemur inn á. „Að vera metinn af verðleikum...“ í stað þess að vera metinn af aðstæðum eða þess sem skortir. Að finna til sín í hópnum er ómetanlegt veganesti fyrir alla en ekki síst þá sem eiga erfiðari æsku.

Skátar eru félagslyndir og gera ýmislegt til að efla félagsandann. Ein af hefðunum er varðeldurinn, þar sem skátarnir sitja saman í hring eftir viðburðarríkan dag, lætur líða úr sér þreytuna og oftast en ekki eru sungnir saman nokkrir skátasöngvar. Aldrei að vita nema „Þýtur í lafi...“ heyrst og gott ef ekki skemmtilegheit þar sem skátaorð eins og gullí gullí og pallavú nokkur koma við sögu. „Tónlist þekkir ekki landamæri“ sagði Rúnar Júlíusson tónlistarmaður svo oft. Við getum öll notið tónlistar en það er meira sem hangir á þessari spýtu, með því að syngja saman þá verður til þessi sterki félagsandi, það er ekki hægt að vera óvinir í söng.

Skátarnir láta sér þó ekki nægja að syngja saman við varðeldinn, þeir hitta reglulega félaga sínum frá öðrum félögum, á svæðismótum, landsmótum og alheimsmótum. Þá eru sumarþing og Úlfliótsvatni vinsælar og margvísleg námskeið og heimsóknir. Félagið er misjafnlega virkt eins og gengur en það er afrek út af fyrir sig að halda út í 80 ár.

Fjáröflun félagsins hefur verið margvísleg en eftirminnilegust eru skátaskeytin sem fólk keypti til að senda fermingarbörnum. Þetta var hellingsstarf fyrir félag að taka við kveðjunum handskrifa skeytin og bera þau svo út til fermingarbarnanna. Hér voru Heiðabúar frumkvöðlar en fleiri skátafélög tóku upp þessa fjáröflunarleið síðar.

17. júní

Skátar setja svip sinn á bæjarfélagið lengi vel með því að skipuleggja dagskrá á sumardaginn fyrsta sem líka var nýtt til fjáröflunar. Þá hafa skátarnir ákveðnu hlutverki að gegna á 17. Júní. Alveg frá upphafi þess að þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur hér í bæ hefur skátafélagið lagt lið og sett svip sinn á daginn er þeir ganga með hátíðarfánann inn í skúrinn og aðstoða við að draga fánann að húni. Fyrsti fáninn sem var notaður er í eigu Byggðasafnsins og mældist fáninn, 5.65X4.0 metrar að stærð, eða eins og þökkalegur bílskúr.

Sumardagurinn fyrsti í Keflavík árið 1944.

Eins og undanfarin ár ætlar skátafélagið hér að gangast fyrir hátíðahöldum á sumardaginn fyrsta. Undirbúningur er þegar hafinn og dagskráin ákveðin í aðalatriðum.

Klukkan 10 fyrir hádegi koma skátarnir saman í Skátaskemmunni [við Túngötu] og verða nokkrir nýliðar látnir vinna skátaheitið, annaðhvort úti eða inni, eftir því sem veður leyfir.

Klukkan 2 e. h. verður svo almenn guðsþjónusta í kirkjunni og væri tilhlýðilegt og mjög æskilegt, að foreldrar skátanna og aðrir velunnarar hreyfingarinnar fjölmenntu í kirkjuna, því að guðsþjónustur skátanna eru hátíðlegar og með sérkennilegum blæ, enda vel til fallið að fagna sumarkomunni þar. Klukkan 5 e. h. verður svo almenn skemmtun fyrir börn í Ungmennafélagshúsinu, mjög fjölbreytt að efni.

Kl. 8,30 verður, önnur skemmtun fyrir fullorðna, þar verða leikþættir, sjónhverfingar, söngur, upplestrar og erindi. Ekki þarf að efa að skemmtunin verður góð, því að skátafélagið ræður yfir talsvert miklum skemmtikröftum, auk þess sem það mun fá aðstoð frá félögum sínum úr Reykjavík. Að skemmtuninni lokinni verður svo almennur dansleikur. Skemmtanir þessar eru haldnar í fjáröflunarskygni fyrir væntanlega húsbýggingu félagsins og gefst því fólki kostur á að gera hvort tveggja í senn, að skemmta sér og styðja skátana í starfi þeirra. *(Grein í Faxa 1944)*

*Everything was ready and the journey began. The desire to see more, try more and to know more had been awoken.*

*The rough and unruly nature with its tranquil moments, was enchanting.*

*At the camping site there was this wonderful jolly spirit of like minded people and the feeling to be trusted to take on some responsibility was enormously valuable.*

*This happened in the summer of 1937, there was a handful of young boys in Keflavík who longed to spend their time doing something exciting. They were in luck as Mr. Helgi S. Jónsson had just recently moved to the town. He was experienced traveler in Icelandic wilderness and a scout. With him the boys explored their nearest neighborhood. They loved it and wanted more, a decision was made to do more and on the 15th of September 1937 the scout club, Heiðabúar was founded. The name „Heiðabúar“ can be translated as „the moor dwellers“.*

*Helgi S. Jónsson became the first leader of the club and he served for 35 years. He was adamant that the club should become a member of the Icelandic Scout Association (B.Í.S) and that the club should follow all traditions and regulations of the movement.*

*The club was successful in attracting new members and very soon they needed to look for a suitable house. After several moves a decision was taken to build a house for the club. They got a permission to build their house at the outskirts of the town and luckily one of the founding member Mr. Gunnar Þorsteinsson had training in building houses. He drafted the house and organized the work, which was all done by volunteers and the house was ready in 1947 when the club celebrated its 10 years anniversary. In 1976 a wing was added to the building.*

*In the year 1943 Gunnar got a new venture to be the first leader of the 3rd section that was for girls. But Heiðabúar were the first scout club in the world to allow girls and boys to be in the same club. The Icelandic Scout Association allowed this and many clubs have followed suit.*

*The scout's mantra is: „once a scout, always a scout“. But as you get older other activities take over. But many find it difficult to leave the movement and were happy to a continuation in groups called the Guild of St. Georg, as the saint is the guardian angel of the movement. Here it is named St. Georgs gildið í Keflavík and it was founded in 1963.*

*But what is the scout movement about?*

*The founding father of the movement was an Englishman name Robert Baden-Powell. Born in 1857 in a big family. His childhood memories were of him and his siblings exploring the neighborhood of the family home, finding themselves in all kinds of adventure. When an adult Bade-Powell wished to share his happy childhood, he invited a group of boy to go camping.*

*The method that the movement has since developed is a program of informal education with an emphasis on practical outdoor activities, including camping, woodcraft, aquatics, hiking, backpacking, and sports. Another widely recognized movement characteristic is the Scout uniform, by intent hiding all differences of social standing in a country and ensure for equality. Distinctive uniform insignia include the fleur-de-lis and the trefoil, as well as badges and other patches.*

*The First Day of Summer and the National Day of Iceland.*

*There is a long tradition in Iceland to celebrate the First Day of Summer. This day marks the beginning of the first summer month in the old tradition called Harpa, literally „the harp“. This day is always on the third Thursday in April and is still an official holiday. The scout movement has traditionally participated in celebrating this day, by parading the streets and with various other activities in coherence with the scout traditions.*

*17th of June is the National Day of Iceland. Which has been celebrated since 1944 when Iceland became a republic. The scout movement has always participated in the celebration. Heiðabúar have been in the forefront in developing the day. Heiðabúar lead the parade with the brass band of the Local Music School, entering the public garden in center of the town, carrying a huge Icelandic flag. The first flag that was used from 1945-1974 and is now preserved in the local history museum, when measured it is 5.65x4.00 meters, “Just like a good size garage” as one of the museum staff noted.*